

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0029
LA

Efni: Matsáætlun fyrir Norðausturveg um Skjálfandafljót í Kinn

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 10. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um kynningu á matsáætlun fyrir Norðausturveg um Skjálfandafljót í Kinn. Vegagerðin fyrirhugar vegabætur á um 9-10 km löngum kafla Norðausturvegar um Skjálfandafljót í Kinn, milli Torfuness í Kaldakinn og Tjarnar í Aðaldal. Í framkvæmdinni felst auk vegagerðar, bygging nýrra tveggja akreina brúa yfir Skjálfandafljót og Rangá og lagfæring á vegamótum Norðausturvegar (85) og Aðaldalsvegar (845) við Tjörn í Aðaldal. Markmið framkvæmda er að auka umferðaöryggi vegfaranda og greiðari samgöngur.

Tveir valkostir eru lagðir fram:

- Veglína A, um 8,9 km löng og felur í sér nýbyggingu á 5,9 km löngum kafla og endurbyggingu núverandi vegar á um 3 km kafla.
- Veglína B, um 10,2 km löng og felur í sér nýbyggingu á 3,4 km löngum kafla og endurbyggingu núverandi vegar á um 6,8 km kafla.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina, sem er greinargóð og í henni kemur fram flest það sem nauðsynlegt er að fjalla um í mati á umhverfisáhrifum. Árið 2023 gerði stofnunin úttekt á gróðurfari, skriðuhættu og jarðminjum fyrir Vegagerðina vegna fyrirhugaðrar færslu Norðausturvegar, veglína A. Úttektin sýndi að fyrirhugaðar framkvæmdir myndu valda beinni eyðingu á sjaldgæfum landvistgerðum, þar á meðal vistgerðum með hátt verndargildi og vistgerðum á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Þá er hætta á að framkvæmdir við nýjan veg muni auka landnám ágengra framandi tegunda. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að mikilvægt sé að gera sambærilega úttekt á vistgerðum fyrir veglínu B þannig að hægt sé að meta áhrif fyrirhugaðrar færslu Norðausturvegar á náttúrufer út frá báðum valkostum sem settir eru fram.

Við fyrirhugaða veglagningu verður óhjákvæmilega rask á nútímahrauni og gervígum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Gervíggar eru fágætar jarðmyndanir sem hafa alþjóðlegt mikilvægi. Því ber að forðast rask á gervígum innan framkvæmda-svæðisins, eins og hægt er, og sérstaklega ef um eru að ræða heillega gervígga.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur